

Mánudaginn 27. nóvember 1939.

Nr. 66/1939. **Björn Þórðarson lögmaður**

(cand. jur. Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Lárusi Marissyni og

Lárus Marisson

(cand. jur. Freymóður Þorsteinsson)

gegn

**Birni Þórðarson f. h. ríkissjóðs eða
persónulega og Guðmundi Jónssyni**

(Garðar Þorsteinsson).

Fébóta er krafizt útaf fógétagerð. Ákvæði héraðs-
dóms um bótaskyldu fógeta ómerkt og málinu
vísað að því leyti frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Björn lögmaður Þórðarson, sem
skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu
27. júní þ. á., hefir krafizt þess, *aðallega* að máls-
meðferð og héraðsdómur verði ómerkt og málinu
verði að því leyti sem það varðar lögmann og ríkis-
sjóð vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að hann verði
sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, Lárusar Maris-
sonar. Svo krefst aðaláfrýjandi, að gagnáfrýjandi
verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í
héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 17.
okt. þ. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu
20. s. m. Hefir hann krafizt þess, að aðaláfrýjandi
f. h. ríkissjóðs eða persónulega og stefndi, Guð-
mundur Jónsson, verði in solidum dæmdir til þess

að greiða honum kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1938 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að fógætarétti, sem haldinn var 2. apríl 1937 á heimili gagnáfrýjanda, var slitið, fór fulltrúi aðaláfrýjanda ásamt umboðsmanni stefnda á skipasmíðastöð eina hér í bæ og fékk þar mann til að taka brott vél þá, er í máli þessu getur, úr bát gagnáfrýjanda Sindra Í. S. 4. Tók maður þessi tvo hluti úr vélinni, og virðist fulltrúinn hafa beðið á meðan á hafnarbakkanum, þar sem báturinn lá í nánd. Þessar aðgerðir virðast hafa farið fram að tilhlutan fulltrúans og miðuðu til þess að fyrirgirða færslu bátsins úr stað, þar til séð yrði fyrir lok fógætagerðarinnar. Sá þáttur, sem fulltrúinn átti í þessum aðgerðum, virðist vera atriði í þeirri fógætagerð, er framkvæma átti samkvæmt beiðni stefnda.

Samkvæmt 2. málsg. 34. gr. laga nr. 85/1936 verður ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirra tölu er fógæti, ekki komið fram með málssókn í héraði, þegar svo er farið sem hér var. Í máli þessu var aðaláfrýjandi ekki bær að binda rikissjóð. Úrlausn um bótaskyldu rikissjóðs vegna dómaraverka hlýtur auk þess að byggjast á mati á þeim verkum, og varð slík úrlausn því ekki fengin í þessu máli með málssókn í héraði. Fyrir þessar sakir verður að ómerkja málsmeðferð í héraði og héraðsdóm og vísa málinu frá héraðsdómi ex officio að því leyti, sem því er stefni á hendur aðaláfrýjanda fyrir hönd rikissjóðs eða persónulega.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, telur 150 króna vixil þann, er í málinu getur og gefinn var út 20. marz 1935 með gjalddaga 20. maí s. á., svo til kom-

inn, að gagnáfrýjandi, Lárus Marisson, hafi ekki getað greitt að fullu þann hluta vélarverðsins, er greiða skyldi á samningsdegi, þann 20. marz 1935, og hafi stefndi í greiðaskyni veitt honum greiðslufrest gegn vixli, er hljóðaði á þá upphæð, sem ógreidd var, svo að gagnáfrýjandi yrði ekki af kaupunum. Gagnstefnandi kveður víxilinn þar á móti vera vélarkaupunum óviðkomandi, heldur hafi stefndi lánað honum víxilupphæðina til útgerðar bátsins. Þessa skýrslu gagnáfrýjanda telur stefndi fjarri sanni. Með því að skýrsla gagnáfrýjanda um þetta er engum rökum studd, en skýrsla stefnda hefir sennileikann með sér, þykir verða að leggja hana til grundvallar. Hinsvegar verður ekki ætlað, að tilætlun stefnda, sem hlaut að eiga að standa firmanu skil á öllu því, er greiða bar á samningsdegi af kaupverði vélarinnar, hafi verið að gefa nokkuð eftir af þeim rétti, sem í kaupsamningnum segir, ef greiðsla brygðist. Og gat gagnstefnandi ekki vænt þess, að kaupkjör hans yrðu að öðru leyti betri, þótt hann fengi greiðslufrest þann, sem telja verður hann hafa fengið. Greiðsludráttur á téðum eftirstöðvum þess, er greiða skyldi á samningsdegi, mátti því helga stefnda rétt til þess að taka vélina úr bátnum samkvæmt kaupsamningnum. Auk þess vissi stefndi, sem firmað, er vélina seldi, taldi samkvæmt óvæfengdri staðhæfingu hans ábyrgan um greiðslu allra eftirstöðva vélarverðsins, ekki um greiðslufrest þann, er firmað veitti gagnáfrýjanda fyrir milli-göngu finnska ræðismannsins, fyrr en hlutirnir höfðu verið úr vélinni teknir, með því að hvorki firmað né gagnáfrýjandi höfðu látið hann vita um þetta atriði. Hafði stefndi því hagsmuna sjálfs síns

að gæta bæði vegna 150 krónanna, sem telja verður hafa verið ógreiddar af fyrra hluta vélarverðsins, og vegna greiðslu síðara hluta þess, sem stefndi vissi eigi annað en að hann yrði gerður ábyrgur um, enda taldi firmað sér rétt haustið 1937 að halda þeirri ábyrgð að honum. Það verður því að telja stefnda hafa verið rétt að láta taka oftnefnda hluti úr vélinni. Og með því að hann lét setja þá í hana næsta dag, þann 3. apríl 1937, þegar er hann hafði ákveðið að láta fógétagerðina niður falla, þá verður hann eigi gerður ábyrgur um það, að gagnáfrýjandi kann að hafa misst af einum róðri vegna brotttöku vélarhlutanna. Ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og til að greiða stefnda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Með því Garðar hæstaréttarmálflutningsmaður Þorsteinsson hefir ekki áfrýjað ákvæði héraðsdómsins um sekt og ómerkingu, verður við það að sitja, þó með þeirri lagfæringu, að 2 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Héraðsdómarinn, Halldór Júlíusson fyrrverandi sýslumaður, hefir í niðurlagi dóms síns dæmt lögmanninn í Reykjavík persónulega, án þess að nefna nafn, og tvírætt er það í niðurlagi dómsins, hverjum lögmaður skuli greiða. Svo vantar og dómsorð um kröfuna á hendur ríkissjóði. Loks hefir héraðsdómaranum láðst að tiltaka vararefsingu í stað sektar þeirrar, sem í niðurlagi dómsins greinir, eins og boðið er í 2. gr. laga nr. 13/1925.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð í héraði og dómur á að því leyti sem málið varðar aðaláfrýjanda, dr. Björn Þórðarson lögmann, persónulega eða fyrir hönd rikissjóðs að vera ómerk, og er málinu að því leyti vísað ex officio frá héraðsdómi.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Lárusar Marissonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og stefnda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Ákvæði héraðsdómsins um sekt og ómerkingu eru staðfest með þeirri viðbót, að 2 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1939.

Mál þetta, sem flutt hefir verið skriflega, er eftir árangurslausu sáttatílaun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. okt. 1938, af Fr. Þorsteinssyni og Kristjáni Guðlaugssyni f. h. Lárusar Marissonar gegn Guðmundi Jónssyni, kaupmanni, Hafnarstræti 11 hér í bæ, og lögmanninum í Reykjavík f. h. rikissjóðs eða persónulega til greiðslu skaðabóta in solidum, að upphæð kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 12 júlí 1938 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þess utan krefst stefnandi, að orðin: „jafn þungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ og „vanskilamaður og sveitarómagi“ í varnarskjali hrm. Garð-

ars Þorsteinssonar verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í hina þýngstu sekt, sem lög leyfa fyrir þau.

Stefndur Guðmundur Jónsson krefst sýknu og málskostnaðar og að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu, og lögmaðurinn krefst þess f. h. ríkissjóðs og persónulega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins, en til vara, að ábyrgð sin verði talin subsidær.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til lögmannsins í Reykjavík, dags. 1. apríl 1937, beiddist Garðar Þorsteinsson hrm. þess, að hann með beinni fógetagerð væri settur inn í umráð vélar, er væri í mótorbátnum Í. S. 4, sem lægi hér á Reykjavíkurhöfn, allt samkvæmt heimild í sölusamningi Bröder Wickstörms Motorfabrik A/B og stefnanda í þessu máli, Lárusar Marissonar. Í sölusamningi þessum sem dagsettur er 20. marz 1935, er svo ákveðið meðal annars, að vélin sé eign seljanda, þar til kaupverð hennar sé að fullu greitt, og staðhæfir málfærslumaðurinn jafnframt í nefndu bréfi, að Lárus hafi ekki getað staðið í skilum með greiðslu á andvirði vélarinnar, án þess þó að upplýsa, hversu mikil vanskilin séu, eða ákveða nánar, hvað ógaldið sé af andvirðinu. Í bréfi þessu nefnir Garðar Br. W. M. A/B umbjóðanda sinn, en gefur þó síðar í máli þessu aðra lýsingu á afstöðu sinni til nefns firma. Samkvæmt þessari beiðni setur svo fulltrúi lögmanns, Kristján Kristjánsson, fógetarétt 2. apríl 1937 á heimili Lárusar Marissonar hér í bænum til þess að setja Garðar á ábyrgð hans inn í umráðarétt á greindri bátamótorvél vegna vanskila á greiðslu. Fógeti lagði fram í réttinum auk nefndrar beiðni 150 kr. eigin vixil Lárusar Marissonar, dags. 20. marz 1935, sem að forminu til er eign Landsbanka Íslands, en um þenna vixil er ekki getið í innsetningarbeiðninni, og svo fyrrgreindan kaupsamning milli B. W. M. A/B og Lárusar Marissonar um kaup og sölu á mótorvél, en ekki er heldur í kaupsamningnum getið greinds vixils sérstaklega. Gerðarþoli hittist nú ekki þarna heima hjá sér, og eftir ósk umboðsmanns gerðarbeiðanda var gerðinni frestað, „til þess að hægt væri að halda gerðinni áfram um borð í bátnum til þess að taka vélina úr honum“, eins og segir í fógetaréttarbókinni.

Það, sem nú skeður næst er þetta, að fulltrúi lögmanns kemur á vinnustöðvar Skipasmíðastöðvar Reykjavíkur, Mýrargötu 7, og biður yfirmann þar um mann til að taka mótor úr bát hér á Reykjavíkurhöfn, og er honum léður maðurinn Jónas H. Guðmundsson, sem ber það í málinu, að hann hafi ekið í bíl með fulltrúa lögmanns, Alfred Gíslasyni, Baldvini Jónssyni og einhverjum fleirum niður að bátnum, sem legið hafi í austur-hafnarkróknum vestan við kranann við kolabryggjuna, og hafi einn eða tveir bátar legið á milli umrædds báts og bryggjunnar. Þegar niður að höfn kom, segist Jónas fyrst hafa farið um borð í bátinn og eftir skoðun kallað upp: „Báturinn er læstur“, og hafi þá tveir samferðamennirnir komið, þeir Alfreð Gíslason og Kristján Kristjánsson, annar farið um borð í bátinn til sín, en hinn að borðstokknum, þ. e. staðið í öðrum bát, sem lá við hliðina á Í. S. 4. Ekki getur vitnið munað, hvor þessara manna það var, sem kom til hans um borð, en rétt hafi verið um, að vélahúsið hafi (svo) læst“, en hægt mundi með því að taka fjögur splitti úr við botnrammann að taka húsið upp og hafi það síðan orðið að ráði að gera það og hann, Jónas H. Guðmundsson, síðan gert það, og síðan hafi orðið samkomulag um, að nægilegt væri að taka magnetuna og vatnsrörið úr bátnum til þess að fyrirbyggja, að farið væri burt með bátinn, og segist hann enn fremur síðan hafa gert þetta. Fulltrúi lögmanns neitar því, að hafa verið annar þeirra tveggja, sem fóru um borð í bátinn og að borðstokk hans, og hefir bilstjóri Kristinn Ólason borið það sem vitni, að það hafi verið hann, sem staðið hafi við borðstokk bátsins, en Alfreð uppi í bátnum með Jónasi, en fulltrúi lögmanns lengst af setið í bílnum, meðan Jónas starfaði í bátnum, og aldrei farið út af hafnarbakkanum.

Ekki kemur nú berlega fram í málsútlistun aðilja, hvað orðið hafi af stykkjum þeim, sem úr bátnum voru tekin, en sennilega hefir vélamaðurinn haft þau í geymslu, að minnsta kosti eru þau honum nærtæk, þegar hann daginn eftir er beðinn um að setja þau á sinn stað eftir beiðni frá gerðarbeiðanda innsetningargerðarinnar, því að fógeti neitar að hafa beðið skipasmíðastöðina um það, en frá öðrum hvorum hlýtur beiðni sú, sem skipasmíðastöðin fékk daginn eftir, um að setja hin burtteknu stykki á sinn stað, að vera komin.

Þegar búið var að taka umgetna muni úr bátnum, virðist fógæti og fylgdarlið hans hafa hinkrað einhverja stund við hafnarbakkann í þeim beina tilgangi að vita, hvort gerðarpóla bæri þar ekki að, og varð þeim að ætlan sinni, því að Lárus Marisson kom þar von bráðar, og eftir að hann er búinn að fá vitneskju um, hvað þarna hafði gerzt, mótmælti hann þegar framgangi gerðarinnar vegna þess, að búið væri að semja um eftirstöðvar af kaupverði vélarinnar og víxillinn væri kaupsamningnum algerlega óviðkomandi. Eftir nokkrar samræður um þetta verður það úr, að Lárus verður fógæti og hans fylgdarliði samferða upp á skrifstofu lögmanns í Arnarhvoli, og var fógætaréttur settur þar. Gerðarbeiðandi heldur fast við fyrri kröfur sínar, en gerðarpóli mótmælir gerðinni, þar sem um skuldina væri samið fyrir milligöngu finnska ræðismannsins. Segir stefnandi, að „þaðan“, þ. e. úr fógætaréttinum, hafi verið hringt til finnska konsúlsins og að hann hafi staðfest þessa sögusögn sína, og hefir þessari málsútlitun ekki verið mótmælt sérstaklega af hvorugum hinna stefndu. Þegar hér er komið, óskaði gerðarbeiðandi, að gerðinni yrði frestað til morguns, og samþykkti gerðarpóli það með þeim skilmálum, að gerðarbeiðandi, Garðar Þorsteinsson, hrm., bæri fulla ábyrgð á því tjóni, sem gerðarpóli biði fyrir þessar sakir, og samþykkti umboðsmaður Garðars það, og enn lýsir gerðarpóli þarna yfir því, að víxillinn komi mótorkaupunum ekkert við. Er síðan gerðinni frestað og rétti slitið. Daginn eftir, 3. apríl, er enn settur fógætaréttur í málinu á skrifstofu lögmanns, og mætir þar gerðarpóli, en ekki gerðarbeiðandi, og bókar síðan fógæti, „að með því að gerðarbeiðandi er ekki mættur og enginn af hans hálfu, var ákveðið að láta gerðina falla niður.“

Þenna sama dag, 3. apríl, voru síðan munir þeir, sem úr bátnum höfðu verið teknir, látnir í hann aftur, eins og áður hefir verið á vikið, að eiganda bátsins viðstöddum.

Telur nú stefnandi þessar fógætaréttaraðgerðir gagnvart sér, en sem lið í þeim skoðar hann einnig brott nám hlutanna úr vélinni, með öllu ólöglegar og óréttmætar og krefst því, að hinir stefndu, sem ábyrgir séu fyrir þeim, greiði sér bætur fyrir þann skaða, sem þær hafi bakað sér.

Það verður nú ekki litið öðruvísi á en að aðgerðir þær gagnvart stefnanda, sem lýst hefir verið, séu ólöglegar og

skaðabótaskyldar, ef skaði hefir af þeim hlotizt, geti þær ekki helgast af ólöglega beittum fógætaréttarráðstöfunum gagnvart honum, og verður því fyrst að athuga nánar, hvort hér að öllu leyti ræðir um fógætagæðir eða ekki, og að því leyti sem um fógætagæðir er að ræða, hvort þær séu löglegar eða ekki. Eins og tekið hefir verið fram, lítur stefnandi svo á, að allt, sem fram við sig hafi komið í máli þessu, séu liðir í fógætagæð, þar með talið brott nám hlutanna úr bátnum, og eins virðist stefndur Guðmundur Jónsson líta á málið, en fógæti lítur öðruvísi á. Hann segist aldrei hafa fellt neinn úrskurð í málinu og aldrei hafa tekið neina afstöðu til gerðarinnar, hvorki neitað um framgang hennar eða leyft hann. Þegar skera skal úr um það, hvað skeð hafi fyrir fógætarétti, þá virðist fyrst og fremst verða að líta til þess, hvað fógætabók segir, og álykta að það, sem fógætabók þegir um, að gerzt hafi, hafi heldur ekki gerzt í fógætarétti, sérstaklega þegar ræðir um atriði, sem hefðu orðið aðalatriði gerðarinnar, ef gerzt hefðu í rétti. En nú er það svo í þessu falli, að fógætabók getur alls ekki um, að neinir hlutir hafi verið teknir úr bátnum, og enn fremur neitar fógæti því í málsútlitun sinni harðlega, að brott nám hlutanna hafi verið framkvæmt sem liðir í fógætagæð, en samt sem áður voru munirnir teknir úr bátnum, og virðist það því hafa verið ólöglegar utanréttarathafnir, sem sá verður að bera ábyrgð á, sem teljast verður frumkvöðull að þeim, og virðast þá böndin berast að fógæta og honum einum. Það er hann, sem á Skipasmíðastöð Reykjavíkur biður um mannalán til þess að taka vél úr mótorbát og fær það, og það verður að teljast með öllu ólíklegt, að öðrum hefði verið veitt sú aðstoð á skipasmíðastöðinni, þó fram á það hefði verið farið. Fógæti ber því nú í vænginn, að hann hafi ekki farið um borð í bátinn og engar fyrirskipanir gefið um þær aðgerðir, sem þar fóru endanlega fram. En þetta virðist ekki skipta máli. Eftir að fógæti er búinn að setja slík öfl á hreyfingu, verður það að vera á hans ábyrgð, hversu vel eða illa hann fylgist með framkvæmdunum, enda sízt meira aðgert en um var beðið. Fógæti neitar því hvergi berlega, að hann hafi vitað, hvað fram fór í bátnum, en stefnandi og meðstefndur tala um það sem in confesso, enda lítt hugsanlegt annað en svo hafi verið.

Þá vill fógætinn halda því fram, að stefnandi hafi samþykkt í fógætaréttarhaldi þetta kvöld, sem stykkinn voru tekin úr vélinni, að gerðinni mætti fresta til morguns, og geti hann því ekki af þeim ástæðum krafizt skaðabóta fyrir frestunina. En á þetta verður þó ekki fallizt, því að hann (stefnandi) gekk ekki inn á neina frestun gerðarinnar, fyrr en hann hélt sig hafa tryggt sér trygga og góða ábyrgð á öllu því tjóni, sem hann biði við hana, og verður því ekki litið svo á, að hann með téðu samþykki hafi afsalað sér neinum rétti, sem hann annars hefði haft.

Eftir þessu verður stefndur Guðmundur Jónsson ekki talinn bera ábyrgð á brotttöku stykkjanna í vélinni. Hann beiddist einungis fógætagerðar og ekki frekar. En öðruvisi mundi horfa við um ábyrgðina á aðgerðum þeim, sem fram fóru fyrir fógætaréttinum, ef líta bæri svo á, að fógætagerðin hefði verið ólögleg frá upphafi og jafnframt bakað stefnanda tjón, en þar sem hér ekki verður metið svo, að stefnandi hafi beðið tjón af gerðinni sjálfri, virðist ekki vera ástæða til að fjölyrða mjög um þau atriði, er benda til ólögmætis hennar, en taka skal þó fram til fullnægju, að stefnandi virðist hafa sannað í málinu, að hann hafi greitt að fullu áskilið kaupverð fyrir bátsvélinu samkvæmt upprunalegum samningi, án nokkurrar víxilútgáfu, og virðist þar með aftur sannað, að 150 króna víxillinn, sem var lagður fram við fógætagerðina, hafi ekki verið hluti af kaupverði vélarinnar. Þá er það viðurkennt af umboðsmanni stefnds Guðmundar Jónssonar, að víxillinn hafi verið það eina, sem honum hafi verið falið innheimta á og sem hann því ætlaði að innheimta með innsetningargerðinni, en engan veginn aðrar eftirstöðvar af kaupverði vélarinnar, enda virðist sú innheimta þá komin úr höndum Guðmundar Jónssonar og til finnska konsúlatsins hér, og virðist nauðsyn til bera, þrátt fyrir skýrslu Guðmundar í gagnstæða átt, að ætla, að honum hafi verið fullkunnugt um það, þegar innsetningargerðarinnar er beiðzt, því að annars er það lítt skiljanlegt, hvers vegna beiðni um innsetningargerðina ekki fól í sér kröfu um endurgreiðslu á öllum eftirstöðvum kaupverðs vélarinnar.

Í sömu átt, að víxillinn hafi ekki verið hluti kaupverðs vélarinnar, bendir það einnig mjög eindregið, að þó að víxillinn sé gefinn út sama dag og upprunalegur kaupsamn-

ingur um vélina, er gjalddagi hans annar, og fellur víxillinn fyrr en kaupsamningurinn, en mjög er ólíklegt, að stefnandi hefði viljað að nauðsynjalausú skerða þann gjaldfrest fyrir sér, sem hann var búinn að fá með kaupsamningnum.

Vegna þessara aðgerða gagnvart sér og bát sínum telur stefnandi sig hafa orðið fyrir þeim skaða, sem hér segir:

1. Að hann hafi misst af róðri, og telur hann tjón sitt af því kr. 500.00.
2. Að hann hafi beðið óbeint tjón innifalið í trausts- og álitsspjöllum og málskostnaði í skaðabótamáli gegn Garðari Þorsteinssyni útaf þessum sömu aðgerðum, sem hann tapaði, og telur hann tjón sitt af því kr. 1000.00.

Nema þessar kröfur samtals stefnukröfunni í þessu máli, er hér liggur fyrir.

Hvað siðari kröfuna snertir, þá verður nú ekki séð, að stefnandi eftir stöðu sinni og ástæðum hafi beðið nokkur trausts- og álitsspjöll við fyrrnefndar aðgerðir, og heldur ekki virðist tjón, sem stefnandi hefir beðið við árangurslaust skaðabótamál á hendur Garðari Þorsteinssyni, þó út af sömu aðgerðum sé, standa í því sambandi við aðgerðir þær gagnvart honum og bát hans, sem um ræðir í þessu máli, að hinir stefndu í því verði skaðabótaskyldir þar fyrir, og verður því þessari kröfu stefnanda ekki sinnt. En hvað fyrra atriðið snertir, virðast allmargar stöðir renna undir það, að svo muni hafa getað farið, að stefnandi hefði róið þarna um kvöldið eða nóttina, ef ekkert hefði í skorizt. Það virðist viðurkennt í málinu, að hann hafi haft sjófæran bát og ráðinn háseta á hann og veiðarfæri, og enn að þarna um kveldið hafi verið sæmilegt sjóveður, og loks að stefnandi hafi stundað sjó bæði undan og eftir að umgetnar fógetaaðgerðir á hendur honum áttu sér stað. Eftir atvikum verður að líta svo á, að það sé nægilega sannað, að hann hafi ætlað að róa þarna um kveldið, þrátt fyrir órökstuddar neitanir hinna stefndu á þessu, og virðist það enn styðja mál stefnanda, að hann hittist niður við bát sinn þarna um kveldið, en það sýnir berlega, að maðurinn vildi huga að sínu. Þegar kemur að því að ákveða, hversu mikið tjón hann hafi beðið við það að

missa af þessum róðri, þá er upplýst í málinu, og því ekki neitað sérstaklega, að þetta sama kveld hafi tveir sam-bærilegir bátar róið, og hafi annar þeirra aflað 650 kg. fiskjar (svo), en hinn 400 fiska, en þar sem stefnandi hefir ekki hirt um að upplýsa, hve þung sú veiði var, verður ekki unnt að miða skaðabæturnar við þann róður, þó hann að öllum líkindum hafi verið miklu stærri. Þá er enn upp-lýst í málinu, að á þeim tíma, sem hér ræðir um, hafi verð á fiski til bæjarbúa verið 15 aurar kg., og jafnframt hefir stefnandi staðhæft, að hann mundi hafa selt beint til bæjarbúa, og hefir þeirri staðhæfingu ekki verið andmælt sérstaklega af fógeta, og heldur ekki hefir hann, þrátt fyrir gott tilefni, upplýst neitt um, við hvaða verði heildsalar hafi þá keypt fiskinn af sjómönnum, og þykir því mega miða skaðabótaupphæðina við þetta 15 aura verð og meta, að stefnandi hafi misst af 650 kg. róðri á 15 aura kg. sam-tals kr. 97.50. Það er nú að vísu svo, að eitthvað hefði róðurinn kostað stefnanda í benzini, smurningssolíu, veið-arfærum o. s. frv., en þar sem hinir stefndu hafa engar tilraunir gert til að upplýsa neitt um, hversu mikilli upp-hæð sá kostnaður mundi nema, þá þykir eftir atvikum mega sleppa honum, þar sem hér virðist einungis um lítið að ræða og róðurinn, sem miðað er við, lítill.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma verður fógétann í Reykjavík persónulega til þess að greiða stefn-anda kr. 97.50 í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 12. júlí f. á. til borgunardags fyrir það, að stefnandi missti af róðri, vegna þess að bátur hans var gerður ósjófær með ólöglegu brottnámi hluta úr vél bátsins, athöfn, sem fógeti verður að teljast ábyrgur fyrir. Þá þykir og rétt að dæma fógeta til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega met-inn á kr. 110.00. Þar á móti verður að sýkna meðstefndan Guðmund Jónsson af skaðabótakröfum stefnanda. Þá hefir stefnandi krafizt þess, að orðin: „jafn þungur sveitar-ómagi á Reykjavíkurbæ“ og „vanskilamaður og sveitar-ómagi“ í varnarskjali málfærslumanns Guðmundar Jóns-sonar, hrm. Garðars Þorsteinssonar, verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í hina þýngstu sekt, sem lög leyfa fyrir þau.

Hvað fyrst viðvikur orðinu „vanskilamaður“, þá er það svo, að nokkur vanskil eru að vísu sönnuð á stefnanda,

en orðið er þungt, og virðist ekki næg vanskil af hálfu stefnanda upplýst í þessu máli til að réttlæta það og þykir því rétt að ómerkja orðið.

Um orðið „sveitarómagi“ er það að segja, að það er nú ekki lengur lögheiti á styrkþegum hins opinbera og þykir særandi, og verður því nú að skoðast sem almennt skamm-aryrði. Skulu því orðin „sveitarómagi“ og „jafnþungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ dæmast dauð og ómerk, og greiði hrm. Garðar Þorsteinsson 25 króna sekt í ríkissjóð fyrir ósæmilegan rithátt.

Sökum langvarandi innflúenzu-lasleika dómarans hefir dómsuppsögn þessi dregið lengur en skyldi.

Því dæmist rétt vera:

Guðmundur Jónsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en lögmaðurinn í Reykjavík greiði honum persónulega kr. 97,50 í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 12. júlí f. á. til borgunardags, svo og málskostnað, kr. 110.00.

Ummælin um stefnanda, „jafn þungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ og „vanskilamaður og sveitarómagi“, skulu vera dauð og ómerk, og hrm. Garðar Þorsteinsson greiði 25 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 7/1939. **Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar** (Theódór B. Lindal)
gegn

Helga Helgasyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um, hvort kaupsamningur um hús hafi náð til tiltekins eldhúsbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. jan. þ. á. og krafizt sýknu af kröf-